

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

Egilsstaðir, 25.9.2023
UST202301-163/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 31.8.2023 - Síldarvinnslan, Seyðisfirði

Þann 31. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Opið niðurfall er í efnageymslu.
Í eftirlitinu kom fram að loftloka hefur verið komið fyrir á niðurfallinu og er frávikinu því lokað.
2. Lýsisgeymar hafa ekki verið þykktarmældir.
Í eftirlitinu voru lagðar fram þykktarmælingar á lýsistönkum 1 og 2. Lýsistankur 3 hefur ekki enn verið þykktarmældur. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sem Umhverfisstofnun samþykkti með bréfi dags. 24.11.2022 átti mælingum að vera lokið fyrir lok árs 2022. Frávikið er því enn opið.
3. Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir mörkum í starfsleyfi, í mælingu sem var gerð 12.-13. febrúar 2022.
Niðurstöður mælinga sem voru gerðar 8.-9. mars 2023, sýna að frárennslið stenst allar kröfur sem eru gerðar til þess í starfsleyfi.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Mæla skal rennsli í frárennsli á sama tíma og sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD eru tekin. Rennslismælingar skulu fylgja niðurstöðum mælinga.
2. Ekki tókst að sannreyna að stærð lekavarnarþróar sé í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að láta reikna stærð þróarinnar og bera niðurstöður þeirra útreikninga saman við kröfur í starfsleyfi.

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði (eldra frávik nr. 2) í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. október 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
sérfræðingur